



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framgang hreinsunar og öryggismála í Úlfarsárdal.**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 19. október 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Flokkur fólksins hefur verið að fá ýmsar ábendingar frá íbúum í Úlfarsárdal vegna drasls/úrgangs á óbyggðum lóðum, byggingarefni sem liggur eins og hráviði víða og fýkur um í vályndum veðrum og einnig vegna öryggismála. Flokkur fólksins hefur áður verið með fyrirspurnir um þessi mál og tillögur sem lúta að hreinsun og/eða öryggismálum og einnig bókað um umferðaröryggi sem og verið með fjölda fyrirspurna um merkingar gangbrauta og lýsingu sem og umhirðu á byggingarlóðum. Flokkur fólksins óskar að spyrja núna um hver staða þessara umbóta er t.d. sem snúa að gangbrautum, merkingum og götulýsingu? Hafa verið málaðar sebrabrautir eins og óskað hefur verið eftir að verði gert? Hefur verið lokið við að gera gangstíga að leikskóla og Dalskóla manngenga? Hafa ruslagámar verið fjarlægðir af göngustígum? Hver er staða þessara mála almennt séð?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 5. október 2022:

Svar við fyrirspurn:

Vinna við göngustíga að Dalaskóla í Úlfarsárdal er lokið og eru þær merktu sebrabrautir sem þarna eiga að vera komnar, en þær eru allar á Úlfarsbraut þar sem skólinn, leikskólinn og íþróttahúsið er staðsett. Viðeigandi merkingar hafa verið settar upp sem og götulýsing bætt á göngugötum.

Eftirlitsdeild umhverfis- og skipulagssviðs fer reglulega í vettvangsferðir á byggingarsvæði. Sérstök vettvangsferð var farin föstudaginn 9. júní sl. vegna fyrirspurnar varðandi rusl og byggingarúrgang í hverfinu. Vettvangsferðin leiddi í ljós að töluvert er um gáma og byggingarefni í og á lóðum, sem þó tilheyra yfirstandandi framkvæmdum. Eftirlitsdeildin gerir ekki athugasemdir við það að svo komnu máli. Hins vegar er tölvuert um byggingarúrgang, sem í flestum tilfellum tilheyrir framkvæmdum sem er lokið/er að ljúka. Þá er átt við ýmsa afganga sem ekki hefur verið gengið frá með varanlegum hætti, heldur liggur í hrúgum á og við lóðir. Að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er ekki talin þörf á að aðhafast að svo stöddu.



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Beðist er afsökunar á seinum svörum.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*samgöngustjóri*